



## **MARKÁÆTLUN Á SVIÐI VÍSINDA OG TÆKNI 2009 – 2015 ÖNDVEGISSETUR OG RANNSÓKNAKLASAR**

**Vorfundur Vísinda- og tækniráðs  
2. júní 2008**

Í ályktun Vísinda- og tækniráðs frá desember 2007 er fjallað um áskoranir sem blasa við íslensku þekkingarsamfélagi og áherslur í vísindum, tækniþróun og nýsköpun á komandi árum. Ráðið telur að nýsköpun og öflugt vísindastarf muni á nýrri öld skipta sköpum í samkeppni og samvinnu þjóða.

Í því skyni hefur ráðið sett á fót markáætlun um öndvegissetur og rannsóknaklasa sem nær til ársins 2015. Meginmarkmið hennar er að skapa möguleika á nýjum lausnum í rannsóknum og nýsköpun með áherslu á faglega breidd þvert á fræðasvið.

Í markáætluninni verður hægt að sækja um allt að 80 milljónir króna í styrk á ári í allt að 7 ár fyrir hvert öndvegissetur og rannsóknaklasa á þeim áherslusviðum sem Vísinda- og tækniráð hefur samþykkt. Gert er ráð fyrir að 2 – 4 styrkir verði veittir frá og með árinu 2009. Gerð er krafa um víðtækt og virkt samstarf milli íslenskra sem og erlendra háskóla, stofnana og fyrirtækja.

Íslensku vísinda- og tæknisamfélagi var, með skilafresti til 13. maí 2008, boðið að leggja fram tillögur að öndvegissetrum og rannsóknaklössum innan markáætlunarinnar. Alls bárust 82 hugmyndir.

**Starfshópur á vegum Vísinda- og tækniráðs velur 10 hugmyndir og fá forsvarsmenn hvers hóps eina milljón króna til að þróa hugmyndina og byggja upp samstarf. Frestur til að skila fullbúnum umsóknum er 1. október 2008. Allar umsóknir verða metnar af þremur erlendum sérfræðingum áður en starfshópur gerir tillögu til ráðsins um styrkúthlutun. Gert er ráð fyrir að endanleg ákvörðun verði tekin á haustfundi Vísinda- og tækniráðs 2008.**

**Vísinda- og tækniráð staðfestir hér með framangreint ferli í markáætlun um öndvegissetur og rannsóknaklasa 2009 - 2015.**



## **VEGVÍSIR UM INNVIÐI RANNSÓKNA**

### **Vorfundur Vísinda- og tækniráðs 2. júní 2008**

Gott skipulag og ástand rannsóknainnviða er forsenda gróskumikillar vísindastarfsemi. Með rannsóknainnviðum er átt við tæki, aðstöðu, gagnagrunna, þjónustu, tölvunet eða annað sem talist getur nauðsynlegt eða ómissandi í vísindastarfi.

Ein af höfuðáherslum Vísinda- og tækniráðs er að hlúa að framúrskarandi vísindum hér á landi og stuðla að því að Ísland skipi sér meðal leiðandi þjóða í sköpun þekkingar. Í því samhengi þarf að huga að menntun og þjálfun vísindamanna, en ekki síður að tryggja hagkvæma nýtingu innviða og móta vegvísi um uppbyggingu þeirra til framtíðar.

Markmið vegvísis um rannsóknainnviði til ársins 2020 er að gera grein fyrir því hvað felst í metnaðarfullri og skynsamlegri uppbyggingu og viðhaldi innviða á Íslandi á tímabilinu. Í slíkum vegvísi felst forgangsröðun og stefnumótandi áætlun um uppbyggingu innviða. Grundvallarspurningin snýr að því hvaða innviðir þurfi að vera til staðar til að þjóna íslensku vísindasamfélagi til framtíðar. Kortlagning innviða og önnur verkefni sem unnin hafa verið á sviðinu munu liggja til grundvallar vegvísinum.

Mikil áhersla er nú lögð á rannsóknainnviði í alþjóðlegu samstarfi. Mikilvægt er að farið verði í slíka vinnu hér á landi til að Íslendingar geti með markvissari hætti tekið þátt í samstarfi á Norðurlöndum og á vettvangi Evrópusambandsins.

**Vísinda- og tækniráð samþykkir að sett verði á fót sérstök nefnd sem hafi forystu í gerð vegvísis um uppbyggingu innviða til rannsókna hér á landi. Nefndina skipi þrír fulltrúar úr vísinda- og tækninefndum, einn fulltrúi menntamálaráðherra og einn fulltrúi frá Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís). Nefndin skal skila fyrstu tillögum til Vísinda- og tækniráðs á haustfundi 2008.**



## **BÆTTAR ÁHERSLUR Í SKIPULAGI VÍSINDA- OG TÆKNIMÁLA**

### **Vorfundur Vísinda- og tækniráðs 2. júní 2008**

Haustið 2006 fór fram úttekt á starfsemi Vísinda- og tækniráðs af erlendum sérfræðingum og birtu þeir skýrslu sína í ársbyrjun 2007. OECD gerði úttekt á skipan nýsköpunarstarfs hér á landi og birtist sú skýrsla árið 2006. Í báðum þessum úttektum komu fram ábendingar um veikleika og styrkleika í skipulagi vísinda- og tæknimála hér á landi.

Í ofangreindum úttektum er bent á nauðsyn þess að ná fram meiri samfellu í fjárstuðningi opinberra samkeppnissjóða við vísindarannsóknir yfir í Nýsköpunarsjóð og aðra fjárfestingasjóði. Til að svo geti orðið þarf að endurskoða verkswið og úthlutunarreglur Rannsóknasjóðs, Tækjasjóðs og Tækniþróunarsjóðs og tengja AVS-sjóðinn betur við stefnu Vísinda- og tækniráðs. Jafnframt skal skoða hlutverk annarra opinberra sjóða þegar það á við. Auka ber þátttöku atvinnulífs í umsóknum í opinbera samkeppnissjóði og samstarf þess við háskóla og rannsóknastofnanir.

Lagt er til að hlutverk Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís), sem þjónustustofnun fyrir opinbera vísinda- og tæknistefnu, verði endurmetið. Liður í því endurmati er að kanna hagkvæmni þess að Rannís þjónusti Rannsóknasjóð, Tækjasjóð, Tækniþróunarsjóð og AVS-sjóðinn og fleiri sjóði ef svo ber undir. Einnig er ástæða til að skilgreina hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í framkvæmd vísinda- og tæknistefnu og samstarf hennar við Rannís. Loks er lagt til að farið verði yfir hlutverk Hagstofu Íslands við að safna upplýsingum á sviði vísinda og tækni.

Til þess að færa framangreinda þætti til betri vegar þarf samstarf ráðuneyta sem koma að vísindum og nýsköpun að vera markvissara.

**Vísinda- og tækniráð felur forsætisráðherra að setja á fót samráðshóp forsætisráðuneytis, menntamálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Samráðshópurinn skal líta til reynslunnar af lögum sem sett voru árið 2003 um opinberan stuðning stjórnvalda við vísindarannsóknir og tækniþróun. Einkum skal hópurinn líta til opinberra samkeppnissjóða m.t.t. samfellu milli þeirra og hvað betur megi fara til að ná meiri árangri í kerfinu í heild. Hópurinn skal skoða sérstaklega hlutverk Rannsóknamiðstöðvar Íslands, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Hagstofu Íslands í þessu samhengi.**

**Samráðshópurinn skili til forsætisráðherra tillögum um framangreint eigi síðar en 1. desember 2008 og verða þær lagðar fram á haustfundi Vísinda- og tækniráðs í desember það sama ár.**